

Alþingi v/Austurvöll
Nefndasvið Alþingis
150 REYKJAVÍK

Reykjavíkurlugvelli, 12. maí 2015
1504021KA

**Efni: Frumvarp til laga um alþjóðleg öryggismál (erlend herskip, herloftför o.fl.)
628. mál til umsagnar frá utanríkismálanefnd Alþingis**

Vísað er til tölvupósts frá utanríkismálanefnd Alþingis frá 27. apríl sl. þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða alþjóðleg öryggismál o.fl. þingskjal 1084 – 628. mál.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og fleiri lögum. Isavia þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn athugasemdir við drögin. Athugasemdir félagsins lúta einkum að þeim hlutum frumvarpsins er varða breytingar á lögum um loftferðir og er því afmörkuð við sérsvið félagsins á sviði flugmála og þ.a.l. við ákvæði loftferðalaga. Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögnum þannig að bætt verði við nýjum kafla XII A. með nýjum ákvæðum í 134. gr. a og 134. gr. b.

Í greinargerð með þessum ákvæðum er vísað til hugtaksins ríkisloftfar eins og það er skilgreint í samningnum um alþjóðlegt borgaralegt flug í Chicago samningnum, sem kom m.a. á fót Alþjóðlegu flugmálastofnuninni (ICAO), en 191 þjóð hefur staðfest samninginn. Síðan er í greinargerðinni vísað til þess að samningurinn gildi eingöngu um borgaraleg flugför en taki ekki til ríkisloftfara, sem vissulega er rétt. Áður en lengra er haldið er þó rétt að vekja athygli á því að skv. 1. gr. sáttmálans er staðfestur grundvallaréttur hvers ríkis til yfirráða á loftryminu yfir landi sínu (yfirráðasvæði).

The contracting States recognize that every State has complete and exclusive sovereignty over the airspace above its territory.

Með sama hætti eru þessi yfirráð staðfest á loftryminu yfir hafsvæði ríkja skv. 2. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þessi greinarmunur milli ríkisloftfara og borgaralegra loftfara er hins vegar ekki að finna í lögum nr. 60/1998 um loftferðir þ.e. lögum taka til loftfara almennt, sbr. 2. gr. laganna.

Loftfar samkvæmt lögum þessum telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Auk þess gilda lög in skv. 1. gr. á íslensku yfirráðasvæði án frekari aðgreiningar, þ.e. á landi, á sjó út á 12 sjómílum og í loftryminu yfir því svæði.

Lög þessi gilda á íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftferðum hvar sem þau eru stödd, nema samningar við önnur ríki eða lög þess ríkis er loftfarið fer um leiði til annars.

Samkvæmt 3. gr. laga um loftferðir er loftfari aðeins heimil ferð um íslenskt yfirráðasvæði að uppfylltu einhverju af eftirfarandi skilyrðum:


- a. Það hafi íslenskt þjóðerni.
- b. Það hafi þjóðerni ríkis sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenskt yfirráðasvæði.
- c. Það hafi leyfi frá ráðherra eða þeim sem hann felur leyfisveitinguna til ferðar um íslenskt yfirráðasvæði.

Leyfi skv. c-lið 1. mgr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast og eru slík leyfi afturkallanleg án fyrirvara. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd leyfisveitinga.

Af þessu leiðir að erlendu ríkisloftfari er þegar óheimil för um íslenskt yfirráðasvæði skv. íslenskum lögum nema til komi sérstakt leyfi.

Sú tillaga sem lögð er til í frumvarpinu um breytingu á lögum um loftferðir er því óþörf og endurtekur aðeins skýr ákvæði 1. og 3. gr. loftferðalaga nr. 60/1998.

F.h. Isavia ohf.,



Karl Alvarsson
Lögfræðingur



Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2015
LHG-150427-01

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands við frumvarp til laga um alþjóðleg öryggismál, 5. 628. mál.


Landhelgisgæslu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um alþjóðleg öryggismál o.fl. (erlend herskip og herloftför o.fl., breyting ýmissa laga), 628. mál samanber tölvupóst frá nefndasviði Alþingis dags. 27. apríl 2015.

Almennt um frumvarpið.

Landhelgisgæslan fagnar þeim tillögum sem koma fram í frumvarpinu og telur að það sem þar kemur fram muni bæta framkvæmdina og eftirlit með henni.

Í þessu sambandi leggur Landhelgisgæslan áherslu á að í reglugerð verði framkvæmdin skilgreind ítarlega og heimildir auknar til eftirlits með henni í þeim tilgangi að tryggt sé að aðeins ríkisför sem samþykkt hafa verið af íslenskum stjórnvöldum fái heimild til yfirflugs eða viðkomu hér á landi. Því er lagt til að í 4. mgr. 134. gr. verði aukið við upptalningu þess sem koma á fram í greinargerð og bætt við „eftirlit og framkvæmd þess“.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands.


Jón B. Guðnason, framkvæmdastjóri
lofthelgis- og öryggismálasviðs



Alþingi
bt/ Stígs Stefánssonar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 2.06.2015
1506218 HSS

Efni: Umsögn vegna breytinga á lögum um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

Vísað er í samskipti við Pétur Thorsteinsson hjá utanríkisráðuneytinu í tölvupósti frá 21. maí sl. og 1. júní sl. vegna beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998 með síðari breytingum. Ákvæði sem breyta á varðar alþjóðleg öryggismál.

Svo virðist sem frumvarpið hafi ekki borst Samgöngustofu formlega til umsagnar. Mjög skammur tími gafst því til að skoða frumvarpið og áhrif þess á lög sem varða verkefni stofnunarinnar.

Samgöngustofa fær ekki séð að frumvarp þetta hafi áhrif á verkefni stofnunarinnar og hefur því ekki athugasemdir við efni þess á þessari stundu.

Með vísan til hins skamma fyrirvara sem stofnunin hafði til að gera athugasemdir er þó gerður fyrirvari um að hugsanlega muni berast athugasemdir á seinni stigum málsins.

Virðingarfyllst

Halla Sigrún Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri samhæfingarsviðs

Umsögn um þingmál 628 um breytingu á lögum sem varða alþjóðleg öryggismál o.fl. frá Samtökum hernaðarandstæðinga

Lagabreytingar þessar eru samtíningur á ýmsum smábreytingum á gildandi lögum, sem í flestum tilvikum eru tæknilegar og stundum nær að tala um snurfusanir en eiginlegar breytingar. Það er miður því gildandi lög í málaflokknum eru að mörgu leyti meingölluð og hefðu mátt við verulegri endurskoðun.

Við þá endurskoðun hefði mátt draga úr valdi utanríkisráðherra til að taka veigamiklar ákvarðanir á sviði alþjóðamála án annars samráðs við alþingi en að tilkynna utanríkismálanefnd um málið. Á sama hátt er ráðherra í dag nær einráður um flest það sem farðar ferðir herfarartækja um íslenskt land. Þeim litlu raunverulegu breytingum sem hér er gert ráð fyrir í lögum er ætlað að festa vald ráðherra á þessum sviðum enn frekar í sessi, en nær hefði verið að draga úr því með því að auka áhrif þingsins varðandi fyrri atriðið en t.d. sveitarfélaga varðandi það síðara.

Alvarlegast verður að teljast að með frumvarpinu eru heimildir ráðherra til að styðja ýmis konar þvingunaraðgerðir gegn erlendum ríkjum á þann hátt að ekki sé gerð krafa um að ákvörðunin um aðgerðirnar sé tekin á vegum alþjóðastofnana, heldur er gripið til hins óskilgreinda og loðna hugtaks „ríkjahópa“. Kemur þar upp í hugann innrásin í Írak 2003, þar sem Bandaríkin og Bretland brugðust við andstöðu formlegra alþjóðastofnana við því feigðarflani með því að mynda „bandalag hinna staðföstu þjóða“, sem væntanlega myndi falla undir hugtakið „ríkjahópur“.

Í fyrstu umræðu um frumvarpið á þingi taldi utanríkisráðherra að slíkur samanburður ætti ekki við, þar sem heimild ráðherra tæki til annars konar aðgerða en beinnar hernaðaríhlutunar eða stríðsreksturs. Því er hins vegar til að svara að árásgjörn stórveldi hafa sýnt mikla hugkvæmni á liðnum árum til að toga og teygja slíkar skilgreiningar. Skemmst er að minnast stríðsins í Líbýu, sem var þó í orðni kveðnu ekki skilgreint sem stríð hefur „framkvæmd loftferðabanns“. Þá má ekki gleyma því að „saklausari“ þvingunaraðgerðir eru oft og tíðum undanfari vopnaíhlutunar.

Samtök hernaðarandstæðinga leggja því eindregið til að köflunum er snúa að erlendum ríkisskipum og ríkisloftförum (sem eru óvenju slöpp skrauthvörf fyrir herskip og herflugvélar) og þeim er snúa að framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða verði synjað. Breytingar á ákvæðum fjórða kafla eru tæknilegar og skaðlitlar að mati SHA.